

**13. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 21. des. 2010 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Nanna Höskuldsdóttir, Ævar Marínósson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að setja inn nýjan lið sem væri númer 11. bréf vegna Langanesvegar 2 dags. 20.12.2010 og sem lið 12 .Byggðarkvóti.

**DAGSKRÁ:**

**1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 09.12.2010**

Í lið 15 í fundargerðinni „Tilboð í snjómokstur“ leggur sveitarstjóri til að báðum tilboðunum verði hafnað og sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð USB dags. 14.12.2010**

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð USB en frestar afgreiðslu á lið 2.

Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerð vímuvarnaráðs dags. 27.07.2010**

Lögð fram til kynningar.

**4. Fundargerð vímuvarnaráðs dags. 31.08.2010**

Lögð fram til kynningar.

**5. Fundargerð vímuvarnaráðs dags. 28.09.2010**

Lögð fram til kynningar.

**6. Fundargerð vímuvarnaráðs dags. 02.12.2010**

Lögð fram til kynningar.

**7. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 10.12.2010**

**8. Lögð fram til kynningar**

**9. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 01.12.2010**

Lögð fram til kynningar.

**10. Skýrsla sveitarstjóra**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

Sveitarstjóri lagði fram bréf frá Varasjóði húsnæðismála en sjóðurinn er búin að samþykkja sölu á fimm íbúðum.

**11. Bréf vegna Langanesvegar 2, dags. 20.12.2010**

Í bréfinu er Lónshöfn að bjóða Langanesbyggð til sölu húseignina Langanesveg 2 en um er að ræða 538 m<sup>2</sup> húsnæði.

Lagt fram til kynningar.

**12. Sérstækar reglur Langanesbyggðar um úthlutun byggðarkvóta.**

kl.18:05 kom Finnboji Vikar á fundinn og fór yfir byggðarkvótaúthlutun á Bakkafirði.

Sveitarstjóra falið að senda bréf sem kynnt var á fundinum vegna sérstækar reglna

Langanesbyggðar um úthlutun byggðarkvóta. Samþykkt samhljóða.

### **13. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð dags. 16.12.2010**

Sveitarstjóri fór yfir nýjar samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð sem samþykktar voru af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 15.12.2010 og síðan af sveitarstjórn þann 16.12.2010 með útsendum tölvupósti.

#### **SAMÞYKKT**

#### **um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð**

##### **1. gr.**

##### **Almenn ákvæði.**

Meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð skal vera samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Umhverfisnefnd og sveitarstjórn bera ábyrgð á úrgangsmálum fyrir hönd Langanesbyggðar og samskiptum við þá aðila sem þeim viðfangsefnum tengjast.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd söfnunar, rekstur söfnunarstöðva og móttökustöðvar sem og flokkun og förgun úrgangs. Hver sá sem tekur verkefnið að sér skal hafa starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra eða Umhverfisstofnun, eftir því sem við á.

Umhverfisnefnd/sveitarstjórn, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og framkvæmdaraðila/-verktaka, ber ábyrgð á því að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

##### **2. gr.**

##### **Söfnun á blönduðum heimilisúrgangi.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd/sveitarstjórn Langanesbyggðar eða verktaki gefur út og birtir reglur um hversu oft sorphreinsun fer fram. Reglur skulu settar í samráði við Heilbrigðiseftirlit og framkvæmdaraðila/verktaka.

Húsráðendum íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem umhverfisnefnd/sveitarstjórn og eða verktaki ákveður.

Gæta skal þess að fylla ekki ílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst.

Í dreifbýli er heimilt í samráði við Heilbrigðiseftirlit að setja upp ílát fyrir úrgang í alfaraleið í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning íláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott. Í ílátin má eingöngu setja heimilisúrgang.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum og fjörum í Langanesbyggð. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bílflök, vélar og sambærilega hluti.

##### **3. gr.**

##### **Flokkun úrgangs.**

Í ílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegs-efnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið á sérmerktu losunarstaði.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttöku-staði. Timbur, brotamálm, rafmagns- og rafeindataeki og annan grófan úrgang er óheimilt að setja í ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang. Framangreindum úrgangi skal skilað til söfnunarstöðvar eða móttökustöðvar eða til brotamálmsfyrirtækja sem hafa starfsleyfi til móttöku á brotamálmi. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða ílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits og sveitarstjórnar. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar þar um, eða ákvæði deiliskipulags.

#### **4. gr.**

##### **Sorpgeymslur.**

Ganga skal þannig frá ílátum fyrir úrgang og sorpgeymslum að þau valdi ekki óþrifum eða óþægindum. Halda skal þeim við eftir þörfum og þau hreinsuð reglulega. Sorpgeymslu má eingöngu nota til geymslu úrgangs. Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Halda skal greiðfærri leið að sorpgeymslum og sorpílátum og hreinsa burt snjó á vetrum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar. Að öðru leyti er vísað til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

#### **5. gr.**

##### **Söfnunarstöðvar og móttökustöð.**

Í þéttbýliskjörnum eru söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang. Á söfnunarstöðvum skal tekið á móti flokkuðum úrgangi til endurnýtingar og/eða endurvinnslu frá heimilum og minni fyrirtækjum. Heimilt er að koma með allt að 0,5 rúmmetra í einu af venjulegum heimilisúrgangi án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Óheimilt er að losa annan úrgang á söfnunarstöðvum en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á hverri söfnunarstöð. Móttökustöð tekur á móti flokkuðum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum samkvæmt gjaldskrá Langanesbyggðar hverju sinni.

#### **6. gr.**

##### **Gjaldtaka.**

Langanesbyggð innheimtir gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits. Gjöld fyrir hirðu og förgun úrgangs innheimtast með fasteignagjöldum og á sömu gjald-dögum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framan-greindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnar-tíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

#### **7. gr.**

##### **Viðurlög.**

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og 40. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

#### **8. gr.**

##### **Gildistaka.**

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt samhljóða.

#### **14. Samningur um ráðgjafarþjónustu.**

Um er að ræða nýjan samstarfssamning við Norðurþing vegna skólabjónustu, barnavernd, félagslega ráðgjöf og þjónustu og annan rekstrarkostnað og kostar samningurinn 11.176 kr. pr. íbúa og er tekið mið af 1.des. fyrra árs. Gert er ráð fyrir samningnum í fjárhagsáætlun 2011

Samningurinn samþykktur samhljóða.

#### **15. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.**

A. Óskað er eftir rekstrarframlagi fyrir 2011 að upphæð 697.808 kr.

B. Óskað er eftir hlutafjár aukningu að upphæð 1.062.225 kr.

Sveitarstjórn samþykkir þetta samhljóða en með þeim fyrirvara að öll sveitarfélögin sem hafa komið að rekstri AP taki áfram þátt.

#### **16. Erindi frá BSRB dags. 15.12.2010**

Lagt fram til kynningar.

#### **17. Bréf frá Svalbarðshreppi dags. 12.12.2010**

Í bréfinu er Svalbarðshreppur að segja upp samstarfssamningi sem er á milli Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps og óska um leið eftir viðræðum um nýjan samning.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna í málinu.

#### **18. Samstarf Vís og Langanesbyggðar.**

Í bréfi VÍS er óskað eftir 5 ára samning við Langanesbyggð .

Samþykkt samhljóða að óska eftir tilboðum frá fleiri tryggingafélögum.

#### **19. Fjárhagsáætlun 2011 seinni umræða.**

Indriði vék af fundi kl.19:58

**Helstu forsendur og rekstraniðurstöður :**

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2011 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar 183,5 milljónir kr., framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga 120 millj. kr. og aðrar tekjur 206 millj. kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 509,6 millj.kr. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnana þess verði 264,9 millj. kr. eða sem svarar 51,9% af heildartekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 149,3 millj. kr. afskriftir 41,4 millj. kr. fjármagnsgjöld 35 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jákvæð um 95,4 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð að upphæð 19 millj. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 72 millj. kr. sem er 14% af heildartekjum. Handbært fé í árslok er áætlað 27,5 millj.kr.

Í fjárhagsáætluninni er ekki gert ráð fyrir neinum verulegum fjárfestingum né viðhaldi.

Samkvæmt spá er gert ráð fyrir 2% verðbólgu á árinu.

Fjárhagsáætlun 2011 samþykkt samhljóða .

Fundagerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:33